

Fréttabréf ÍRA



1. ÁRGANGUR

4. TÖLUBLAÐ.
JÚNÍ 1979.

Engin ástæða er til að örvænta þótt fréttabréfið sé í þynnra lagi í þetta skipti. Þessari „þynnu“ veldur fyrst og fremst próflestur ritstj. og vonandi rætist snarlega úr kreppunni....

Og svo góðu fréttirnar: Fréttabréfið hefur fengið Yngva Harðarson (TF3YH) til að sjá um DX-fréttirnar, en eins og mörgum er kunnugt, þá er Yngvi einn virkasti DX-maðurinn okkar nú. Sky. kokkabókum TF3AC (QSL-mgr.) bar Yngvi höfuð og herðar yfir aðra TF-amatöra sl. ár í QSL-sendingum. Ef einhverjir kunna að luma á athyglisverðum DX-fréttum, er þeim eindregið bent á að hafa samband við Yngva.

-73s de TF3KX

TF5=

Norðlingar
láta sitt ekki
eftir liggja
þennan
mánuðinn.
TF5DC
sendi
fréttabréfinu
myndarlegan

texta fyrir hönd þeirra ÍRA-manna í TF5-svæðinu (Norðurlandi).

Óskar byrjar á að fagna útkomu fréttabréfsins (humm-takk Óskar...) og segir það bæta talsvert úr því sambandsleysi, sem alltaf hefur verið við félagi utan Reykjavíkursvæðisins. Vonandi förum við hér syðra þá að heyra eitthvað meira af félögum úti á landi....

TF5TP, Tóti, er virkur sem endranær. Um 80% af samböndunum eru við Japan og á 20 og 15m. Rótorlunn á quad-netinu mun þó vera eitthvað dyntóttur.

TF5GWN, Daddi, er virkur á öllum nýliðaböndunum, 80, 40 og 15m. Með 5w sendi og Hustler-loftnet (4BTV) hefur hann mikið af DX-samböndum við Evrópu og Japan, jafnvel við USA, sem er víst afrek þarna á Akureyri.

TF5BWN, Billi, segir sína virkni í loftinu ekki neitt til að státa af. Ástæðan sé fyrst og fremst sú að honum hafi ekki unnizt tími til að koma saman sendi á 15m, þar sem auðveldast sé að hafa DX-samböndin. Hins vegar hlustar Billi talsvert og fylgist þannig nokk með því sem er að gerast í loftinu.

TF5-002, Tóti (yngri), hlustar einnig talsvert, einkum á 10m þar sem hann segir skilyrðin sífellt batna.

TF5DC kveðst sjálfur talsvert eiga við DX þegar tími gefst til. Japan virðist liggja vel við þarna norður frá, eitthvað svipað og við heyrum Evrópu. 80-metrarnir koma oft ótrúlega vel upp og ýmist eru þeir framúrskarandi góðir eða þá að ekkert heyrast þar. Skilyrðin á USA kveður Óskar afleit og það mun víst ekki ný bóla þarna í höfuðstað Norðurlands.

Hugmyndir að nýrri kallsvæðaskiptingu hafa þeir rætt nokkuð þarna fyrir norðan. Eru þeir nokkuð sammála um að breytingar á þeim málum séu óþarfi, a.m.k. meðan ekki er ennþá búið að virkja öll kallsvæðin af amatörum. “Er þá nokkur ástæða til að hrófla við þessum málum?” spyr Óskar. Hann tekur þó fram að enn hafi hann ekki heyrt rökstuðning “breytingamanna” fyrir málinu.

Sendingar á 160m eru þeim áhugamál eins og svo mörgum öðrum amatörum hérlandis, þótt ekki væri nema örfárra kílóríða skiki til umráða á því bandi. Einnig hefur RTTY frá TF5 komið til tals.

Hér lýkur útdrætti úr bréfinu þeirra að norðan. Svo sannarlega verður gaman að heyra frá einhverjum þeirra eða öðrum félögum úti á landi sem fyrst aftur.....

PÜHEFURERKIGLEYMTFELAGSGJALDINU,ERPAÐNOKKUD? ?

Gróska hefur verið mikil í funda-/fyrirlestrahöldum Í.R.A. að undanfögnu. Umræðukvöld hafa verið prýðilega sótt (20-30 manns að jafnaði) og þar hafa t.d. athyglisverð tækniatriði verð reifuð s.s. fæðilínur, loftnet og bylgjuútbreiðsla. Villi, TF3DX, hefur verið duglegur við fyrirlestrahald ásamt Kristjáni, ‘3KB. Vegna fyrrgreindra prófa anna hefur sá sem þetta skrifar ekki haft tók á að sækja allt það sem félagið hefur boðið upp á að undanfögnu, en undanfarin fræðslukvöld munu hafa verið afar lífleg og fróðleg.

TF3ALU í Straumsvík var heimsótt 19. maí sl. og eins og nærri má geta, var tekið á móti amatörum með kostum og kynjum, að sögn eins gestanna. Stöðin var skoðuð og öll sú aðstaða sem klúbburinn þar syðra hefur fyrir starfseminu. Gott og skemmtilegt framtak....

DX FRÉTTIR: Skilyrði í maímánuði hafa verið fremur óstöðug. 10m hafa lítið verið opnir en hins vegar hafa verið góð DX-skilyrði á 40m og 80m. Þar hafa Norður-Ameríka og Suður-Ameríka verið töluvert inni. Þó aðallega Suður-Ameríka.

80m CW ZD8RG(23:17),ZP5EC(02:22),SV0AA(01:02)

SSB YV5ANS(04:31),USA(04:30)

40m CW SV0AA(03: 24) ,USA(03: 30)

SSB PY7CPC(02:02),USA(05:00)

20m CW ZL5MC 12:01),M1D(01:58),VR3AH(04:44),SV0AA/5(21:33)

SSB KC6GF 19:31),3A2HB(21:14),VP8QG(20:38 ,JY1(19:27)

15m CW C02PY 20:45),OA2CD(00:42),KH6DX(20:37 ,OE6XG/A(05:40)

SSB OH2BP/OH^(17:38),CN8CY(18:59) .OE6XG/A 06:11) ,TY9ER (13:43)

Fyrir þá sem vantar Ástralíu á 10m, þá eru skilyrði þangað nokkuð góð frá um 11:30 GMT til 13:00 GMT þegar bandið er á annað borð opið.

-OE6XG/A var "DX-pedition" á Abu Ail Jabal at Tail sem kvað vera eyðisker nokkuð fyrir sunnan Saudi Arabíu. QSL via WA3HUP.

-SV0AA/3 er "DX-pedition" á eyrna Ródos í Tylftaeyjaklasanum (.Dodecanese). Tylftaeyjar teljast sem sér DXCC-land. Operatorarnir eru SV0AA (ex. SV0WTT) og K5VT. Þeir verða á öllum böndum, CV, til mánudagsins 21. maí. QSL via SV0 bureau.

-3A2HB er í loftinu flesta þriðjudaga frá kl. 21:00 GMT. QSL direct.

-CQ VW WPX CV kontestinn verður 26. maí, 00:00 GMT, til 24:00 GMT, 27. maí. Reglur í CQ jan. '79. Loggar verða að vera póststimplaðir fyrir 11. júlí '79.

-73s de TF3YH

Amatörprófin verða haldin sem hér segir:

A/T-próf; Fimmtd. 7. jún. kl. 09.00 að Sölvhólgötu 11, R. N-próf:

Laugard. 9. jún. kl. 14.00 að Dugguvogi 2, R. Akureyringum verður tilkynnt sérstaklega um sitt próf, en stefnt . er að sama prófdegi. C-próf verður haldið nokkru síðar, en dags-setning er enn ekki komin. Gera má ráð fyrir að fræðilegi hluti . prófanna verði tekinn á undan morsinu. Líkur eru á að TF4-002 fari í N-próf, en „málið er í athugun“.

Þess má geta að gert er fyrir mjög mikilli þátttöku í prófunum að þessu sinni og vissulega er alltaf fengur í nýjum leyfishöfum og eins hinum, sem koma nú á ný bönd með nýjum leyfum.

Gangi ykkur vel („og ekkert stress“).....

FJÖLRITUNARSTOFA DANÍELS HALLDÓRSSONAR hefur fjölritað Fréttabréfið á vildarkjörum og á þakkir skildar fyrir, ásamt auglýsendum og öðrum stuðningsmönnum.

Seljum í stykkjatölu alls konar rafeindaefni, eins og:

Viðnám, þétta, díóður, transistora, dvergrásir, spenna og margt fleira.

Einnig vörur frá JOSIY KIT, eins og:

Dimmer AT 357,

2Amper snertistilli

Ljósashow AT 468, 4x2 Amper,

Spennubreyti NT 500, 2 Amper, 3-30 volt,

SYSTEM MIX ný tegund af hljóðmixer frá JOSTY KIT.

-Íslenskur verð- og vörulisti.

-Sendum í póströfu.



SAMEIND HF.

GRETTISGATA 46 PÓSTHÓLF 7150 127 REYKJAVÍK
SÍMI 91.21366 NAFNNR. 7472-8014

TÍZKUPERZLUN
Lægsöngi 37 og 89
sími 12841 Reykjavík



VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar



VERKSMÍÐJAN VÍFILFELL H.F.

EINKAFRAMLEIÐANDEI COCA-COLA Á ÍSLANDI
HABL. HÖFURVALLAGÖTU BÍKKEFNI, VÍFILFELL, REYKJAVÍK SÍMI 1-4788



FRÉTTABRÉF Í.R.A.

Útg.: Íslenskir radíóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & ábm. :Kristinn Andersen (TF3KX), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3KX, pósthólf 1058, 121 Rvk,

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.